

[Mál S-182/2023 - Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040](#)

Þann 4. október 2023 var „Stefnumótun lagareldis til ársins 2040“ birt á samráðsgátt stjórnvalda og var umsagnarfrestur gefinn í mánuð. Alls bárust 86 umsagnir á þeim tíma.

Megin stoðir stefnunnar byggja á skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi, stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar um sjókvíaeldi og niðurstöðum starfshópa Matvælaráðuneytisins um smitvarnir og strok í sjókvíaeldi.

Ríflega helmingur umsagna vildi banna sjókvíaeldi í opnum sjókvíum með frjóum laxi eða leggja aðrar takmarkandi skorður á starfsemi rekstrarleyfishafa í fiskeldi. Nokkur fjöldi lýsti yfir ánægju með lögfestingu friðunarsvæða en lýsti jafnframt yfir þeirri skoðun að einnig þurfi að friða Eyjafjörð fyrir sjókvíaeldi. Nokkrir áhugasamir aðilar um skelrækt fannst alveg skorta á umfjöllun um skelrækt og þá miklu möguleika sem felast í þeirri grein. Sambærilegar röksemdir komu fram hvað varðar þörungaeldi en einn aðili benti þó á að sá mikli líffræðilegi eðlismunur á þörungum og fiskum kalli á aðgreiningu og sérstakt regluverk fyrir stórþörunga. Hvað varðar áform um skiptingu fjarða og hafsvæða í smitvarnarsvæði þar sem einungis einn aðili fái að starfrækja fiskeldi, þá var þessu fagnað af hálfu rekstraraðila sem þó leggjast alfarið gegn þeim fyrirætlunum að þvinga fram slíkar fyrirætlanir með lögum, náist þær ekki fram með frjálsum samningum á milli aðila.

Matvælaráðuneytið þakkar öllum þeim fjölmörgu aðilum sem sendu inn umsagnir fyrir þeirra framlag. Umrætt skjal og stefna verður síðan mikilvægt innlegg í vinnu ráðuneytisins við samningu frumvarps um lagareldi.